

## **Bókasafn A-Hún**

### **Fundagerðir frá 19.11.2015 skv. fundargerðabók**

#### **19.11.2015**

Fimmtudaginn 19. nóvember 2015 kom stjórn Héraðsbókasafnsins saman í bókasafninu Blönduósi. Mæting samkvæmt undirskriftum. Eftirfarandi dagskrá lögð fram af formanni:

- 1.) Innkaup jólabóka
- 2.) Samstarf í nærsamfélaginu
- 3.) Önnur mál
  1. Formaður setti fund og farið var yfir Bókatíðindi 2015 og ákveðið hvað kaupa skuli nú eða síðar.
  2. Katharinu var gefið orðið og hún sagði frá samstarfi grunnskólans og leikskólans þar sem kennarar og nemendur heimsækja safnið reglulega og bókavörður þjónustar skólana með bókapakka. Katharina sagði einnig frá bókasafni Textílfsetursins sem er verið að koma upp og skrá – flestar þeirra eru erlendar. Athugað hefur verið hvort hægt væri að skrá þetta safn sem deild í tengslum við Héraðsbókasafnið en það reyndist ekki hægt þar sem ekki var hægt að skrá bækur í Gegni. Samstarf verður þó milli bókasafns og textílsafnsins þar sem Katharina ætlar að halda utan um skráningu í exelskrá.
  3. Guðmundur P. Jónsson, starfsmaður Héraðsskjalasafnsins er kominn með aðstöðu í einu herbergi bókasafnsins um tíma. Námskeið var haldið á vegum Farskólans og þekkingarsetursins fyrir starfsfólk á bókasöfnum á Norðurlandi vestra. Katharina hélt þar fyrirlestur um framtíð almenningsbókasafna á Íslandi. Katharina verður erlendis yfir hátíðarnar, henni falið að tala við Guðmund vegna afleysinga. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir*

#### **26.4.2016**

Þriðjudaginn 26. apríl 2016 kom stjórn Héraðsbókasafnsins saman til fundar í bókasafninu. Á dagskrá var eitt málefni: Upplýsingaþjónusta (sj. fundargerð frá 3. sept. 2014).

Þórunn hefur boðað forföll – mættur er frá Blönduósbæ Arnar Þór Sævarsson og Svala Runólfsdóttir, Héraðsskjalavörður. Formaður setti fund og gaf Arnar orðið.

Arnar sagði frá hvaða hugmyndir væru uppi varðandi rekstur upplýsingaþjónustu á vegum sveitafélaga sýslunnar. Hann skýrði frá að Húnavatnshreppur væri tilbúinn að reka slíka þjónustu í húsnæði Héraðsbókasafnsins ásamt Blönduósbæ. Nokkrar umræður urðu um málið og stjórn safnsins var sammála um að prófa rekstur upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn í húsnæði safnsins með starfsfólki því sem ráðið yrði á vegum sveitafélaga í 5 mánuði maí – sept. Málið sett í farveg þar sem Katharina er tengiliður stjórnar og rekstaraðila. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir*

## 4.7.2016

Mánudaginn 4. júlí 2016 var fundur haldinn í stjórn Héraðsbókasafnsins á bókasafninu. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir:

- 1.) Ársreikningur
- 2.) Sumarfrí forstöðumanns
- 3.) Sumarstarf
- 4.) Önnur mál
  1. Stefanía formaður setti fund og útskýrði reikningar 2015. Tekjulíður var kr. 7.393.111 en rekstrarútgjöld kr. 7.423.575. Mismunur kr. 30.000. Rekstrartap sem skýrðist aðallega af launaliðum. Reikningur borin upp og samþykktur.
  2. Katharina fer í frí 25.7. til 18.8. Afleysingamaður hefur verið ráðinn þann tíma. Opnunartími verður óbreyttur – nema annað sé auglýst.
  3. Sumarstarf: Sumardagskrá hefur verið frá 1. júní til 15. júlí á vegum forstöðumanns sem hefur skipulagt verkefnið. Á mánudögum er spilakynning fyrir börn, þriðjudögum ratleikur, miðvikudögum bókakaffi og fimmtudögum hljóðbókastund. Almenn ánægja virðist að vera með verkefninu og þátttaka fer vaxandi.
  4. Á Húnavöku þ. 17.7. verður bókamarkaður haldinn á bókasafninu líkt og undanfarin ár. Stjórn Héraðsbókasafnsins lagði fram eftirfarandi erindi til Byggðarráðs. „Stjórn Héraðsbókasafnsins lýsir yfir óánægju sinni með að forstöðumaður safnsins sé ekki kallaður til við gerð fjárhagsáætlunar, en það hefur ekki verið gert undanfarin tvö ár. Stjórnin mælist til þess að á því verði breyting.“

Fleira ekki gert. *Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir*

## 22. 11. 2016

Þriðjudaginn 22. nóv. 2016 var haldinn fundur í stjórn Héraðsbókasafnsins á bókasafninu. Mæting samkvæmt undirskriftum. Dagskrá:

- 1.) Innkaup jólabóka
- 2.) Önnur mál
  1. Formaður setti fund og farið var yfir Bókatíðindi 2016 og ákveðið hvaða bækur skuli kaupa nú og hvaða bækur síðar.
  2. Rætt var um útlán nýrra bóka og frátektir og fyrirkomulag á útlánnum. Ákveðið var að hver lánþegi fái áðeins eina nýja bók fyrstu vikunnar í einu - útlánatími séu 10 daga. Taka má frá eina bók í einu. Opið verður milli jóla og nýárs þetta árið. Katharina var veutt leyfi í 3 daga í næstu viku 29. nóvember - 1. desember í starfsnám hjá Bókasafni Norræna Hússins í Reykjavík. Katharina fræddi stjórn um bókaútgáfu rafbóka og hljóðbóka og erfiðleika útgefenda í því sambandi. Fleira ekki gert.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir*

## 14. 6. 2017

Miðvikudaginn 14. júní 2017 var haldinn fundur í stjórn Héraðsbókasafnsins. Fundurinn haldinn á bókasafninu kl. 5. Mæting samkvæmt undirskriftum. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir:

- 1.) Ársreikningur 2016
- 2.) Sumarfrí forstöðumanns
- 3.) Önnur mál

1. Formaður Stefanía Garðarsdóttir setti fund og afhenti fundarmönnum rekstrarreikning Héraðsbókasafnsins fyrir árið 2016. Farið var yfir rekstrarliði og þeir ræddir, tekjuliðir voru kr. 7.670.036 rekstrargjöld 7.689.140 mismundur kr. 19.104. Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða. Forstöðumanni þökkuð sérstaklega vel unnin störf við rekstur safnsins.

2. Katharina óskar eftir tvískiptu fríi þetta sumarið, 19.-29. júní og 1.-18. ágúst. Hún hefur nú þegar útvegað afleysingarmann á þessum tímabilum. Stjórn samþykkir þessa ráðstöfun. Opnunartími safnsins verður óbreytt.

3. Upplýsingarmiðstöð verður rekin í húsnæði safnsins með sama sniði og í fyrra. Forstöðumaður hefur í hyggju að skipuleggja sumardagskrá fyrir börn svipað og var í fyrrasumar í júlímánuði. Einnig hefur hún í hyggju að hafa opið hús um Húnavöku og halda markað. Katharina sagði frá rafbókavæðingu Borgarbókasafnsins í Rvk. Stefnt er að því að rafbækur verði til útlána hér við safnið síðar á þessu ári.

Fleira ekki gert. Fundargerð upplesin. Fundi slitið.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Katharina Schneider.*

## 4. 10. 2017

Miðvikudaginn 4. október 2017 kom stjórn Héraðsbókasafnsins saman í bókasafninu. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir:

- 1.) Fjárhagsáætlun ársins 2018
- 2.) Rafbókasafn
- 3.) Starfið sl. sumar
- 4.) Önnur mál

1. Stjórn fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, áætlunin hefur verið send á skrifstofu bæjarins. Engar athugasemdir gerðar af hálfu stjórnar. Katharina gerði grein fyrir starfsáætlun safnsins fyrir 2018.

2. Rafbókasafni hefur verið komið á fót í Reykjavík og Héraðsbókasafninu býðst aðgangur að því fyrir 10.000 kr. á ári. Katharina gerði grein fyrir hvernig starfsemin fer fram, en þau söfn sem hafa fengið aðgang hingað til eru sammála um mikla þörf rafræns efnis. Stjórn samþykkir að Héraðsbókasafnið taki þátt í þessu samstarfsverkefni bókasafna.

3. Katharina for yfir starf sumarsins. Bókamarkaður haldinn á Húnavöku. Guðmundur Jónsson leysti af í sumarfrí bókavarðar. Sumardagskrá var líkt og í fyrra.

4. Önnur mál. Aukið samstarf er við Blönduskóla varðandi bókaútlán og skólabörnin koma vikulega í safnið. Fleira ekki gert.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Katharina Schneider.*

## **22. 11. 2017**

Miðvikudaginn 22. Nóvember 2017 haldinn fundur á Héraðsbókasafninu hjá stjórn safnsins. Fundur settur kl. 17:00. Mæting samkvæmt undirskriftum. Dagskrá:

1.) Innkaup jólabóka

2.) Önnur mál

1. Farið var yfir Bókatíðindi 2017 og þær bækur valdar sem kaupa skal til safnsins – ýmist strax eða síðar.

2. Katharina lagði fram dagskrá jólanna sem gildir á safninu á adventunni – bókakynningar, jólaföndur og margt fleira. Katharina bókavörður verður erlendis um jólin og í athugun er að reyna að hafa opið einu sinni milli jól og nýárs. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Katharina Schneider.*

## **22. 5. 2018**

Þriðjudaginn 22. maí 2018 haldinn fundur í stjórn Héraðsbókasafns A-Hún á bókasafninu. Mæting samkvæmt undirskriftum. Dagskrá:

1.) Ársreikningur 2017 – skýrsla

2.) Sumarfrí

3.) Önnur mál

1. Formaður setti fund og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá sem var rekstrarreikningur Héraðsbókasafnsins – tekjuliðir voru kr. 8.395.365 og gjaldaliðir kr. 8.447.650 – mismunur -52.285. Munar þar mestu um hækkun ræstingalauna sem felist í auknu starfshlutfalli þar. Reikningar bornar upp og samþykktar samhljóða. Forstöðumaður Katharina sagði frá starfsemi safnsins á árinu 2017 og sagði frá ýmsum viðburðum sem höfðu átt sér stað. Hlutverk bókasafna um heim allan er að breytast og á það við hér og kemur fram í minnkandi útlánum.

2. Katharina verður í fríu fyrstu vikuna í júní og hefur hún útvegað afleysingu fyrir sig þá. Hún tekur svo sumarfrí í ágúst og afleysingamál eru í skoðun og verða auglýst síðar.

3. Viðburðir í sumar eru í skoðun og verða auglýst á Facebook. Stefnt er að því að halda bókamarkað á Húnavöku eins og undanfarin ár og hafa reynst vinsæl. Katharina sagði frá vorfundi SFA – Samstök forstöðumanna almenningsbókasafna sem hún sótti nýlega og taldi hann mjög gagnlegan. Fleira ekki gert. Fundargerð upplasin og samþykkt.

*Gréta Björnsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Katharina Schneider.*

## **5.11.2018**

*Fundur haldinn í stjórn Héraðsbókasafnsins A-Hún. mánudaginn 5. nóv 2018. Mæting samkvæmt undirskriftum. Dagskrá:*

1.) Persónuverndastefna

2.) Stefna um uppbyggingu safnsins

3.) Árgjald

4.) Önnur mál

1. Formaður setti fund. Farið yfir hvað felist í persónuvernd þegar kemur að starfsemi Héraðsbókasafnsins. Kynna á persónuverndastefnu fyrir notendur safnsins. Persónuverndastefnu fylgir með fundargerð.

2. Lögð var fram stefna um uppbyggingu safnkosts, stjórnarmenn kynntu sér efni hennar. Stefna samþykkt.

3. Ákvörðun um árgjald – árgjald skal vera 2000 kr. ; greiðsluseðlar sendir út. Forstöðumanni falið að sjá um framkvæmdina í samráði við Blönduósbæ.

4. Katharina mun ekki fara í frí um jól og áramót. Afgreiðslumál rædd. Þetta var fyrsti fundur með nýrri stjórn:

Stefanía formaður, Þóra Margrét ritari. Stefnt er að að halda næsta fund 28.11.18 Katharina mun hafa samband við stjórn um fundarboð.

Fleira ekki gert, fundi slitið,

*Stefanía A. Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þóra Margrét Lúthersdóttir, Katharina Schneider, Guðrún Sigurjónsdóttir.*

## **27.11.2018**

*Mánudagur 27. nóvember haldinn fundur í Héraðsbókasafninu hjá stjórn félagsins. Fundur settur kl. 18:00. Mæting samkvæmt undirskriftum. Dagskrá:*

1.) Innkaup jólabóka

2.) Önnur mál

1. Farið yfir Bókatíðindi, rætt um áhugaverðar bækur og höfunda. Skoðað hvaða bækur eigi að kaupa. Á sl. 8 árum hefur bóksala dregist saman um 40%.

2. Farið létt yfir jóladagskrá bókasafnsins.

Annað ekki gert

*Stefanía A. Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þóra Margrét Lúthersdóttir, Katharina Schneider, Guðrún Sigurjónsdóttir.*

## **29.5.2019**

*Miðvikudagur 29. maí haldinn fundur í Héraðsbókasafninu. Fundur settur kl. 18:00. Mæting samkvæmt undirskriftum. Dagskrá:*

1.) Ársreikningur 2018 - skýrsla

2.) Sumarfrí

3.) Önnur mál

1. Byrjað var að gefa út greiðsluseðla í heimabanka sl. haust. Gafst það vel og ákveðið var að halda fyrirkomulagi áfram. Rekstrargjöld ársins 2018 voru kr. 8.803.134.

Rekstrarreikningur var samþykktir án athugasemda.

Farið var yfir útlán og aðsókn að safninu. Útlánnum hefur fækkað og aðsókn svipuð og undanfarin ár. Svipuð þróun á öðrum bókasöfnum. Skilakassi í Kjörbúðinni gefst vel, ánægja með. Staðsetning safnsins gæti haft einhver áhrif á aðsókn.

2. Sumarfrí 20. júní – 14. júlí og 2. ágúst – 17. ágúst. Guðmundur tilbúinn að taka að sér affleysingu eftir þörfum.

3. Ársfundur SFA var haldinn í Grindavík í lok apríl. Katharina sótti fundinn, hún for lauslega yfir umræður af þeim fund. Rætt var um ný húsgögn, skoða á hvort hægt sé að bæta hjólum undir núverandi bókarekka. Rætt var við Jakob hjá Léttitækni um verkið og áætlaði hann 39.000 kr. í kostnað við að breyta einum rekki. Ákveðið var af stjórn að skoða breytingar á 1 rekka. Katharina mun tala við Jakob og Ágúst.

2. júní verður viðburður á bókasafninu, fjallar um flutninga þýskra kvenna til Íslands en nú eru 70 ár í haust síðan skipið kom til hafnar í Reykjavík. Höfundur bókarinnar kemur á safnið.

Bókamarkaður verður á Húnavöku.

Annað ekki gert – fundi slitið.

*Stefanía A. Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þóra Margrét Lúthersdóttir, Katharina Schneider, Guðrún Sigurjónsdóttir.*

## **21.11.2019**

*Fimmtudagur 21. nóvember – Héraðsbókasafninu. 2019. Fundur hjá stjórninni, mæting samkvæmt undirskriftum. Fundur settur kl. 17:10. Dagskrá:*

- 1.) Bókatiðindi – innkaup jólabóka
- 2.) Önnur mál

1. Farið yfir Bókatiðindi, rætt um áhugaverðar bækur og höfunda. Skoðað hvaða bækur eigi að kaupa.

2. Jóladagskrá bókasafnsins.

- Ljósmyndasýning á myndum frá 19. -20. Öld, Húnavatnssýsla.

- Rætt um opnunartíma. Katharina fer 19. des og kemur 9. jan. Ath. hvort Guðmundur geti leyst af.

- Rætt um starfsmannamál.

- Fyrsti opnunardagur eftir jól verði 2. janúar 2020.

*Fleira ekki gert, fundi slitið. 18:30*

*Stefanía A. Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Þóra Margrét Lúthersdóttir, Katharina Schneider*

## **6.2.2020**

*Kl. 17:00 – 18:00.*

*Mæting skv undirskriftum. Stefanía setti fund.*

Dagskrá

- 1.) Ársskýrsla 2019
- 2.) Starfsmannamál
- 3.) Önnur mál

1. Farið yfir ársskýrslu 2019, hún mun birtast í Húnavökuritinu. Katharina for yfir skýrslu og nánar um starfsemi bókasafnsins sem og atriði í skýrslunni.

2. Guðmundur er að láta af störfum nú í sumar, hefur sinnt afleysingum á bókasafninu. Guðmundur tekur ekki að sér afleysingar frá jan 2020 og þar til hann lætur af störfum hjá Héraðsskjalasafninu. Stefanía og Katharina taka að sér að skrifa og senda bréf á rekstraraðilar safnsins þar sem farið yrði yfir starfsmannamál bókasafnsins. Stjórn veitir þeim fullt umboð til að sjá um það. Mikilvægt að ganga frá starfsmannamálum sem fyrst.

3. Katharina ítrekaði áhyggjur sínar yfir þeirri stöðu að enginn sé til að leysa af á bókasafninu ef á þyrfti.

*Fleira ekki gert, fundi slitið. 18:00*

*Póra Margrét Lúthersdóttir ritari, Stefanía A. Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Katharina Schneider, Guðrún Sigurjónsdóttir*

## **10.6.2020 kl. 16:30**

*Mæting skv undirskriftum. Setur fund Stefanía.*

Dagskrá:

- 1.) Ársreikningar 2019 – skýrsla
- 2.) Sumarfrí – sumaropnun
- 3.) Önnur mál

1. Farið yfir niðurstöður ársreiknings. Rekstrargjöld voru undir áætlaðri fjárhæð. Rekstrargjöld ársins 2019 voru 9.102.587 kr. Rekstrarreikningur samþykktur án athugasemda.

2. Katharina tekur sumarfrí 11.6.-4.7. Guðmundur tekur að sér afleysingu flesta þá daga sem Katharina er í fríi. Sumaropnun 13-17 mán mið fim, 10 – 16 þriðjudag, 13 – 17 fyrsta laugardag hvers mánaðar. Það sem af er þá kemur þetta opunarfyrikomulag vel út.

3. Fylgt var fyrirmælum sóttvarnalæknis vegna Covid og enn er þeim reglum fylgt eftir. Rætt um rykmengun og umferð af bilum sem hafa meðal annars aðstöðu hér í húsinu gegnt bókasafninu (MS húsinu).

Bókamarkaður verður á Húnavöku.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:20

*Póra Margrét Lúthersdóttir ritari, Stefanía A. Garðarsdóttir, Hlíf Sigurðardóttir, Katharina Schneider*



